

96 í henni skýrt frá fullu nafni hvers þeirra, sem prófaðir voru, fæðingarstað, fæð-
29. júní ingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim og aðaleinkunnum, sem gefnar
voru við prófið. Inn í prófbókina skal færa öll skrifleg verkefni og ýtarlega
skýrslu um prófið. Skal formaður prófnefndar sjá um, að prófbókin sé rétt færð.
Bók þessi skal undirrituð af öllum þeim, sem einkunnir gáfu í prófinu.

21. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur skulu færa inn í sérstaka bók, sem ráðuneytið
löggildir til þess, eftirrit af öllum prófverkefnum og einkunnum úr prófum, sem þeir
halda utan Reykjavíkur. Bók þessi skal vera í vörzlum skólustjóra stýrimannaskólans.

22. gr.

Að námskeiði loknu, skal forstöðumaður senda stýrimannaskólanum í tvíriti
greinilega skýrslu um námskeiðið, kennslu í hverri grein, nemendafjölda og annað,
er máli skiptir. Skólustjóri stýrimannaskólans sendir ráðuneytinu annað eintak
skýrslunnar.

23. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til notkunar við kennslu í siglingafræði greiðir ríkis-
sjóður, svo og allan kostnað við námskeiðin, þar með talið nauðsynlegt efni til
notkunar við kennslu í sjóvinnu.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut
eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1957.

Lúðvík Jósepsson.

Páll Pálmason.

97

27. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðu-
neytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr.
auglýsingu ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957.

	Staðfest:
8. Nefnd Verkakvennafélagsins Framsókn, Reykjavík	4. apríl 1957.
9. — Verkalýðsfélags Dalvíkur, Dalvík	21. maí 1957.
10. — Verkamannafélagsins Fram og Verkakvennafélagsins Aldan, Sauðárkróki	23. — 1957.
11. — Verkalýðsfélags Vopnafjarðar, Vopnafirði, N.-Múl.	24. — 1957.
12. — Verkalýðsfélags Skagastrandar, Höfðahreppi, A.-Hún. .	25. júní 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.